



# Framhaldslíftrygging starfsmanna fjármálafyrirtækja

Skilmáli H-2

Vátryggingarsamningurinn samanstendur af skilmálum þessum og öðrum gögnum sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar, ef ábyrgð félagsins hefur fallið niður eða takmarkast og þess hefur verið óskað að vátryggingin taki gildi aftur. Vátryggingarskírteinið og þau atriði sem fram koma á því sem og ákvæði laga nr. 30/2004 eru einnig hluti af vátryggingarsamningi.

## Skilgreiningar

„Félagið“ merkir Vörður líftryggingar hf. sbr. a lið 62. gr. laga 30/2004.

„Vátryggingartaki“ er sá sem gerir samning við félagið um líftryggingu sbr. b. lið 62. gr. laga 30/2004.

„Vátryggður“ merkir hinn líftryggði, svo sem tilgreint er í umsókn sbr. c. lið 62. gr. laga 30/2004.

„Samningur“ er það samkomulag sem í gildi er milli félagsins og vátryggingartaka um vátrygginguna

„Samningstími“ er sá tími sem liður frá útgáfudegi skírteinisins til þess lokadags sem þar er skilgreindur

„Vátryggingarburður“ merkir andlát hins líftryggða fyrir lok gildistíma tryggingar.

„Vátryggingarfjárhæð“ merkir þá fjárhæð sem til greiðslu kemur ef vátryggingarburður verður, og er í formi eingreiðslu

„Fjármálaeftirlitið“ er opinber eftirlitsaðili sem hefur eftirlit með starfsemi vátryggingafélaga hér á landi skv. lögum nr. 60/1994 og síðari breytingum

„Vísitala“ er vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

## 1. Kafli

### 1. gr. Upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins hefst þegar félagið hefur móttakið ósk um framhaldstryggingu í kjölfar þess að vátryggður hættir störfum hjá fjármálastofnun þeirri sem hefur verið aðili að hóplíftryggingu starfsmanna fjármálafyrirtækja hjá félaginu. Samningstími vátryggingar er skráður á vátryggingarskírteinið.

Vátryggingarvernd þessi fellur niður í lok þess árs er þátttakandi nær 65 ára aldri

## 2. Kafli

### 2. gr. Iðgjaldagreiðslur og vanskil

Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Vátryggður fær 30 daga frest til greiðslu frá þeim degi sem félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Sé iðgjald enn ógreitt þegar greiðslufresti líkur sendir félagið tilkynningu með áminningu um vanskil, þar sem gefinn er 14 daga lokafrestur til greiðslu. Krafa um greiðslu er send á heimilisfang greiðanda sem tilgreint er í þjóskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Vátryggingarsamningurinn fellur úr gildi ef iðgjöld eru ekki greidd að loknum veittum fresti.

### 3. gr. Réttur til að endurvekja líftryggingu án nýrra heilsufarsupplýsinga

Hafi vátryggingin verið í gildi í eitt ár hið skemmsta og ábyrgð félagsins fallið niður vegna vanskila, er heimilt samkvæmt 97 gr. laga nr. 30/2004 að endurvekja vátrygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangoldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að 14 daga greiðslufrestur samkvæmt itrekun rann út.

### 4. gr. Uppgjör ef samningi er slitið á vátryggingartímabilinu.

Ef vátryggingarsamningi sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma er slitið á vátryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald vátryggingarinnar hlutfallslega.

- 5. gr. Bótasvið**  
Félagið greiðir réttthafa bætur ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar.
- 6. gr. Réttthafi bóta**  
Um rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðar fer samkvæmt reglum XV. Kafla laga nr. 30/2004. Óski váttryggður eftir því að váttryggingarfjárhæðin verði greidd til tiltekinna nafngreindra einstaklinga eða annarra réttthafa, er nauðsynlegt að semja um slíkt við félagið. Upplýsingar um tilnefningu réttthafa eru skráðar í váttryggingarskírteinið.  
Hafi váttryggður ekki ráðstafað réttindum sínum samkvæmt váttryggingarsamningi með tilnefningu réttthafa eða framsali gilda reglur 100. gr. laga nr. 30/2004. Rennur váttryggingarfjárhæðin þá til maka váttryggs. Láti hann ekki eftir sig maka fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja váttryggs samkvæmt lögum eða erfðarskrá.
- 7. gr. Uppsögn**  
Váttryggður getur slitið váttryggingarsamningi hvenær sem er og skal það gert skriflega, skv. 1. mgr. 75. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 30/2004.
- 8. gr. Svik og rangar upplýsingar**  
Sá sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til glatar öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, hún verði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæla með því getur hann þó fengið bætur að hluta, sbr. 120. gr. laga nr. 30/2004.
- 9. gr. Hvar gildir váttryggingin?**  
Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum
- 10. gr. Áhættubreyting**  
Hætti váttryggður reykningum hefur hann kost á að skila inn til félagsins skriflegri staðfestingu þess efnis til lækkunar iðgjalds. Váttryggður þarf að hafa verið hættur reykningum í 12 mánuði samfleytt til að lækkun iðgjalds komi til og breytist iðgjaldið þá frá og með næstu endurnýjun að þessum tíma liðnum.
- 11. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins**  
Svipti váttryggður sig lífi innan tólf mánaða frá gildistöku er félagið laust úr ábyrgð, nema sannað teljist að sjálfsvíg hafi ekki verið haft í huga við töku váttryggingarinnar, sbr. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 30/2004.  
Dánarbætur greiðast ekki ef þátttakandi deyr af völdum slyss og dánarbætur greiðast úr samningsbundinni slysatryggingu
- 12. gr. Váttryggingarfjárhæð og verðtrygging**  
Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittunum. Við endurnýjun skírteinis hækkar váttryggingarfjárhæðin og ársiðgjaldið í samræmi við á breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samningsins, sem skráð er á skírteinið, til vísitölunnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölunnar hefur ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð né ársiðgjaldi. Váttryggingarfjárhæð þátttakanda sem eru eldri en 60 ára lækka um 4% af grunnfjárhæðum samkvæmt kjarasamningi fyrir hvert aldursár umfram 60 ár.
- 13. gr. Greiðsla bóta og vextir**  
Tilkynna skal félaginu um andlát váttryggs án ástæðulausrar tafar.  
Líftryggingarfjárhæðin skal greidd eigi síðar en 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því. Réttthafi bóta á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. nr.30/2004  
Félagið greiðir kostnað við öflun gagna sem félagið telur nauðsynleg til afgreiðslu málsins og aflað er að beiðni þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.
- 14. gr. Fyrning**  
Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fyrnast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr.30/2004.
- 15. gr. Endurkaupsverðmæti og lán**  
Líftrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu.
- 16. gr. Þagnarskylda og persónuvernd**  
Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um líftrygginguna sem trúnaðarmál og er bundið af reglum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Félagið notar persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingarinnar aðeins við mat á tryggingarbeiðnum og við afgreiðslu bótakrafna.

**17. gr. Meðferð ágreiningsmála**

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum. Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

**18. gr. Varnarþing**

Mál sem kunna að koma upp vegna váttryggingar þessara skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

**19. gr. Lög um váttryggingarsamninga**

Að öðru leyti vísast í skilmála á samningi eða öðrum gögnum sem samningurinn byggir á, váttryggingarskírteini og lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.07.2024**